

Lög

um breytingar á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu,
með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 21. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Skipunartími formanns skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði hann.

2. gr.

Við 3. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Skipunartími formanns skal takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði hann.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998.

Samþykkt á Alþingi 3. mars 1998.